

TÓNH2TB03

Búið til: Tue, 03 Jun 2014 01:32:17 GMT

Titill

Tónheyrn seinni áfangi

Skammstöfun

TÓNH2TB03

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

Tónheyrn

Viðfangsefni

Tónheyrn seinni áfangi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Tónheyrnarþjálfun er veigamikill þáttur samþætts náms í tónfræðagreinum allt frá upphafi og mikilvægt er að fjölbreytt heyrnarþjálfun fléttist inn í alla virknipætti og sé rauður þráður í gegnum allt tónfræðanám. Markmiðið er að frá upphafi verði leitast við að þroska almennt tónnæmi og leggja traustan grunn að tónminni, lestri, greiningu og skráningu. Reglubundin þjálfun er lykilatriði jafnframt því sem tengsl við aðra námsþætti, svo sem ýmiss konar greiningu, þekkingaratriði og tónsköpun, stuðla að auknum skilningi og færni nemenda. Síðast en ekki síst stuðla tengsl námsþátta að aukinni ánægju af hlustun, upplifun og iðkun tónlistar. Námsþátturinn hlustun og greining miðar að því að nemendur öðlist þekkingu og skilning á efnisþáttum tónlistar, svo sem ólíkum tónlistarstefnum, stíl, formi, tónblæ, tónstyrk, hraða, tónvef, tónlengd, tónhæð og hljómunum. Í tónfræðanámi er áhersla lögð á að nemendur kynnist fjölbreyttri tónlist frá ýmsum tímum, jafnt í lifandi flutningi nemenda, kennara eða annarra tónlistarmanna og í hljóðriti. Miðað er við að hlustun sé tengd virkni af ýmsu tagi, svo sem hreyfingu, nótnalestri, skráningu, sköpun, greiningu og flutningi.

Forkröfur

Tónheyrn fyrri áfangi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- takttegundunum 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- lengdargildum nótna og þagna
- tilteknum lendargildum og hrynmynstrum
- synkópum og bindingum, meðal annars yfir taktstrik
- hrynhendingum
- hugtakinu alla breve og tákni þess
- takttegundunum 5/4, 3/8, 7/8, 9/8, 2/2 og 3/2
- tónstigum, tónbilum og hljómunum
- tilteknum tónstigum
- hugtökunum samnefndar, samhljóða og sammarka tóntegundir
- fimmundarhring

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina milli taktegunda
- hafi náð tökum á taktslætti í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- greina frá helstu lengdargildum nótna og þanga
- þekkja og heyra tiltekin lengdargildi og hrynmynstur
- þekkja og skilja synkópur og bindingar, meðal annars yfir taktstrik
- tengja heyrn og ritun hrynhendingar
- botna hrynhendingar í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- þekkja mismunandi tónstiga
- þekkja mismunandi tóntegundir
- öllum dúr- og molltóntegundum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinna taktegunda: 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- gera grein fyrir helstu lengdargildum nótna og þanga
- skilja, beita, flytja, greina á blaði og eftir heyrn tiltekin lengdargildi og hrynmynstur
- þekki, skilji, geti flutt, greint eftir heyrn og skráð synkópur og bindingar, meðal annars yfir taktstrik
- tengja heyrn og ritun hrynhendingar
- endurtaka eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- syngja tónstiga, tónbil og hljóma
- greina eftir heyrn eftirtalдар gerðir tónstiga: dúr, hreinan moll, hljómhæfan moll, laghæfan moll, pentatónískan og krómatískan
- greina hvort tóndæmi er í dúr eða moll
- tónflytja stuttar laglínur í hvaða tóntegund sem er í G-lykli og F-lykli
- syngja öll tónbil innan áttundar upp frá gefnum tóni
- greina á blaði og skrá á nótnasteng öll tónbil innan áttundar

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd